

# Skólaráðsfundur

29. janúar 2019 kl. 16:15

Mættir voru : Hilmar Már Arason, Elfa Eydal Ármannsdóttir, Dagbjört Hjartardóttir, Guðný Jakobsdóttir, Ingibjörg K. Kristjánsdóttir, Laufey Helga Árnadóttir, Guðrún Jenný Sigurðardóttir, Sóley Jónsdóttir, Jason Jens Illugason og Eir Fannarsdóttir

## Dagskrá fundarins:

1. Fréttir úr skólastarfinu
2. Skólaþing
3. Eftirfylgni með kennslustundum í list- og verkgreinum – Mms
4. Jafnréttisáætlun
5. Skóladagatal 2019 -2020
6. Búnaður og nýframkvæmdir
7. Kennsla nemenda af erlendum uppruna
8. Önnur mál

## 1. Fréttir úr skólastarfinu

- ✓ Fullveldishátíðin gekk frábærlega vel.
- ✓ InnraNet skólans. Hilmar fór inn á innra net skólans og sýndi fundarmönnum innihald þess. Einnig var farið inn á heimasíðu skólans og viðburðadagatalið þar skoðað.
- ✓ Samstarf við Bæjarblaðið Jökul. Skrifaðar verða greinar í blaðið. Betri dreifing á fréttum. Nær til fleiri lesenda. Góð tenging við samfélagið. Hætta með fréttabréf skólans.
- ✓ Uppbrot – heimsóknir:
  - 8. mars og í sumar – Eyþór Máni: tækjaforritun !
  - 12. mars – Pálmar Ragnarsson: Jákvæð samskipti, hittir nemendur, kennara og foreldra. Heilsuvika Snb
  - 19. mars – Ingvar Sigurgeirsson: Teymiskennsla, hittir kennara
  - 2. apríl – Sigga Dögg kynfræðingur, hittir nemendur, kennara og foreldra

### Grænfáni

- Lýsuhólsskóli fékk fánann í áttunda sinn í haust
- Starfstöðvarnar norðan Heiðar eru að sækja um í sjötta sinn – hafa alltaf verið saman
- Síða verkefnisins:  
<https://sites.google.com/gsnbskoli.is/graenfanigsnb/fors%C3%AD%C3%B0a>

## 2. Skólaþing

Reyna að stilla saman strengi. Allir stefni að sama markmiði. Auglýsing á heimasíðu. Skráning þátttöku er á slóðinni: <https://goo.gl/forms/liC0hDhSAKCIerp73> . Skólaráð mun halda utan um niðurstöðurnar.

Dagskrá skólaþings:

Hvenær	Hvað	Hver
16.45	Húsið opnar, kaffi á könnunni	
17.00	Opnun og dagskrá dagsins	Hilmar
17.10	Barnakór?	Veronica
17.25	Fyrirkomulag þingsins útskýrt og fyrsta umræðulota opnuð	SKH
17.40	Umræðulota I – umferð 1: <i>Hvaða eiginleikum og hæfni viljum við að nemendur sem útskrifast úr GSnb búi yfir?</i>	
18.10	Umræðulota I – umferð 2: Þátttakendur skipta um borð	
18.30	Umræðulota I – umferð 3: Farið aftur á upphafsborð	
19.00	Samantekt frá borðum	
19.10	Pizzur – kynningar frá nemendum	
19.50	Umræðulota II – Hópum úthlutað mismunandi umræðuefnum, út frá áhersluatriðum í fyrri lotu. Ekki skipt um borð	
20.15	Samantekt frá skólaþingi	SKH
20.30	Þingi slitið – gert með því að láta orðið ganga (orðstafur). Hver og einn þátttakandi segir eina setningu eða 3 orð. Hilmar á svo síðasta orðið.	SKH

- Það sem fram kemur á skólaþinginu, bæði það sem fólk hefur metnað fyrir og áhyggjur af, verður notað sem efniviður við breytingar á Skólanámskrá og Starfsáætlun GSnb. Allt verður tekið til skoðunar og vegið, metið og mátað.
- ILDI, sem hefur umsjón með skólaþinginu, mun vinna samantekt um þingið sjálft, en úrvinnsla inn í Skólanámskrá og Starfsáætlun GSnb verður í höndum Skólaráðs. Jafnframt verður óskað eftir að einn fulltrúi frá bæjarstjórn taki þátt í vinnunni. Þessi hópur tekur endanlega ákvörðun um hvað ratar inn í Skólanámskrá og Starfsáætlun GSnb.

### 3. Eftirfylgni með kennslustundum í list- og verkgreinum – Mms

Á skólaárinu 2015-2016 vantaði kennslumínútur í list- og verkgreinum grunnskóla sveitarfélagsins sem hér segir:

**Tafla:** Fjöldi kennslumínútna á viku sem vantar (-) eða er umfram (+) miðað við lágmarksviðmið.

Skóli	Yngsta stig	Miðstig	Ungl.stig	Staða
<b>Lágmarksviðmið</b>	<b>900</b>	<b>840</b>	<b>340</b>	<b>skv. 2015-2016</b>
Grunnskóli Snæfellsbæjar	-420	-200	-180	Undir á öllum stigum

	Yngsta stig	Miðstig	Ungl.stig	Samt.
Lágmarksviðmið	900	840	340	2080
G.Snb	1040	1000	560	2600

Vorið 2016 fórum við í endurskipulagningu á viðmiðurnarstundatöflu skólans með það að markmiði að efla list- og verkgreinakennslu í skólanum. Bæði hvað varðar ytri rammann, s.s. kennslumagn og innrastarfið. Sú vinna útskýrir þessa aukningu.

#### 4. Jafnréttisáætlun

Elfa og Magga Gróa endurskoðuðu áætlunina okkar og var hún samþykkt hjá Jafnréttissfofu, en eftir er að leggja hana fyrir starfsmannafund.

#### 5. Skóladagatal 2019 – 2020

Skólastjóri lagði fram skóladagatal óútfyllt og óskaði eftir athugasemdum fundarmanna. Fram kom að æskilegt væri að setja inn; páskafríð, hvenær það hefst og hvenær því lýkur. Vetrarfrí verði. Byrja kennslu 6.jan. eftir jól. Ekki fara fram í júní með kennslu.

#### 6. Búnaður og nýframkvæmdir

Anddyri í Lýsuhólsskóla, þak á GSnb Hellissandi, salerni í Ólafasvík bæði fyrir nemendur og starfsfólk er æskilegt að setja í forgang. Ljósleiðari á Hellissand.

#### 7. Kennsla nemenda af erlendum uppruna

Erum að fá 4 pólska nemendur í skólann núna.

Fundur var með bæjarstjórn og í framhaldinu var sent eftirfarandi bréf:

Í upphafi vil ég þakka fyrir góðar viðtökur og samræður á fundi ykkar þann 10.01. síðastliðinn.

Á fundinum var ég beðinn um að senda ykkur bréf þar sem óskir skólans um bætt skólastarf væru færðar í orð.

1. Ósk um að fá að ráða í fullt starf sérkennara sem ber ábyrgð á kennslu nemenda af erlendum uppruna. Í dag tilheyra um 25% af nemendum okkar þessum hópi. Aðalstarf sérkennarans væri kennsla en hann hefði umsjón með kennslu nemenda af erlendum uppruna og veitti öðrum kennurum faglega ráðgjöf við kennslu þeirra.

#### 8. Önnur mál

Engin

Fleira ekki rätt.

Fundi slitið kl. 16:58

Elfa E. Ármannsdóttir,  
fundarritari